



**Ávarp forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við setningu  
Landsmóts íslenskra hestamanna  
Reykjavík  
4. júlí 2000**

Heiðruðu mótsgestir

Íslenski hesturinn hefur verið tryggur förunautur þjóðarinnar í þúsund ár, fyrrum ómissandi bændum og ferðalöngum í erfiðu landi en nú vinsæl dægrastytting jafnt innanlands sem utan. Hann hefur fylgt okkur, áum okkar og eddum, hvert á land sem við fórum, yfir fjöll og fallvötn, grasbala og harða mela.

Íslenski hesturinn er samofinn náttúru landsins. Mörg eigum við í hugskoti minningar um litfagurt stóð sem rennur um grasbala við lygnan hyl, sjáum í fjarska förumann með tvo í taumi, lestargang á einstigi við klettabrún og hvítar öldur þar fyrir neðan. Íslenski hesturinn hefur svo sannarlega verið náðargjöf í ævintýrinu um eyþjóðina í útnorðri.

Hann er líka að mörgu leyti merkisberi nýs skilnings á náttúru Íslands, tign og fegurð, fjölbreytileika og litadýrð, hann er orðinn kjarni í þeirri kynningu á landi og þjóð sem best þykir duga.

Djarfir frumkvöðlar hafa á undanförunum árum veitt okkur nýjan skilning á gildi íslenska hestsins, skapað umsvif og atvinnu við að gera hann að burðarási í ferðaþjónustu nútímans, veitt erlendum gestum óvænta og djúpstæða sýn á stórbrotna náttúru Íslands. Nýbreytni í hestaferðum hefur ekki síður leitt nýjar kynslóðir Íslendinga á vit kyrrðar og tignar á heiðum og í óbyggðum þar sem aðeins ymur Íslands lag svo vitnað sé til orða bóndans á Bessastöðum, Gríms Thomsen.

Íslenski hesturinn er ekki aðeins kjörinn sálufélagi hinna fullorðnu sem endurnærast að loknu erfiðu dagsverki með góðum reiðtúr um fagrar grundir. Hann er einnig hollur uppalandi æskufólks, trúr vinur barna og unglunga á tímum freistinga og lífshátta sem svo sannarlega geta í skjótri svipan eyðilagt líf og heilsu, hann er félagi sem færir ungu fólki heilbrigða ánægju sem er kjörið veganesti fyrir lífsgönguna alla.

Og lítið hefði orðið úr þinghaldi til forna, sjálfu Alþingi, ættmóður þingræðis og lýðræðis í veröldinni, burðarstoð íslenska þjóðveldisins og þeirrar arfleifðar sem veitti þjóðinni kjark og efnivið til að sækja sér sjálfstæði og fullveldi, ef hesturinn hefði ekki flutt liðsafnað til þings um langan veg.

Hesturinn gerði Ísland að sameign forfeðra okkar og formæðra, bar förulanga yfir dökkar jökulár og fallvötn stríð, um eyðisanda og öræfi, tengdi fólk úr fjarlægum fjórðungum og færði að einum völlum, Þingvöllum við Öxará.

Það er því við hæfi á hátíðarári kristnitöku og landafunda að hefja hér í höfuðborginni glæsilegt landsmót hestamanna og gera þannig þetta einstaka ár að þríeinu fagnaðarári. Vafasamt er að kristnitakan hefði orðið árið þúsund eða að landkönnuðir hefðu getað safnað liði til siglinga ef íslenska hestsins hefði ekki notið við.

Ég óska öllum skipuleggjendum þessa einstæða móts til hamingju með frábært verk og sérstaklega formanni landsmóts Haraldi Haraldssyni sem lagt hefur vökula sál og heitt hjarta í að gera með sínu fólki allt sem best úr garði.

It is a great pleasure to welcome so many of our friends from abroad, the admirers of the Icelandic horse who have become so devoted to our national treasure.

I fondly recall the splendid World Championship of the Icelandic Horse in Germany last year and I reiterate my thanks to all who made those days an unforgettable experience.

May the Icelandic games we are opening here today be a worthy successor to that wonderful event.

We are deeply grateful to all of you who have made your countries a new and welcoming home for the Icelandic horse and we treasure the loyalty and the care with which you are contributing towards making the Icelandic horse excel as never before.

Með þessum orðum óska ég íslenskum hestamönnum til hamingju með glæsilegt landsmót. Megi mörg met verða hér slegin og gömul falla og knapar halda knáir heim með sigurlaunin.

Ég lýsi landsmót hestamanna á mótum árþúsunda og alda hér með sett.